Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík
nefndarsvið@althingi.is

Reykjavík, 24. Mars 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. Mál 146. löggjafarþings.

Á aðalfundi Félags lýðheilsufræðinga var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Félag lýðheilsufræðinga **harmar að enn og aftur sé komið fram** frumvarp um afnám einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og að þetta sinn eigi einnig að heimila áfengisauglýsingar.

Fagfólk[1] hefur ítrekað bent á aukinn vanda sem mun blasa við þjóðinni vegna aukinnar áfengisdrykkju ef frumvarpið verður samþykkt og þá sérstaklega í viðkvæmum hópum. Aukið álag verður á heilbrigðiskerfið sem er síst til þess fallið til að taka á móti aukinni tíðni sjúdóma og slysa sem skapast í kjölfarið. Þetta hefur verið stutt með rannsóknum[2] sem Embætti landlæknis hefur bent á og kemur einnig fram í stefnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar [3,4,5]. Bent hefur verið á þann skaða sem aukin áfengisdrykkja mun hafa á þriðja aðila[1] í formi ofbeldis, slysa, andlegrar vanlíðan o.fl. Það vekur furðu okkar að samt sem áður telji ákveðnir lýðræðiskjörnir þingmenn það mikilvægt að koma þessu frumvarpi í gegnum þingið sem fyrst. **Áfengi er engin venjuleg neysluvara og á það leggjum við áherslu.** Það kemur skýrt fram í riti[6] sem er að finna á vef Embættis landlæknis.

Ábyrgð alþingismanna og stjórnvalda er mikil þegar kemur að aðgengi áfengis þar sem það er talið eitt hættulegasta vímuefni sem til er og skaðar heilsu manna. Frjálsræði fylgir ábyrgð og það er hlutverk alþingsimanna og kvenna að standa undir þeirri ábyrgð og vernda samfélagið í heild sinni. Benda má á það augljósa að frumvarpið fer gegn markmiðum Lýðheilsustefnu[7] og stefnu í áfengis- og vímuvörnum[8] en báðar þessar stefnur hafa verið samþykktar af stjórnvöldum. Einnig vekjum við athygli á því að með þessu frumvarpi er ekki verið að vinna í anda þess að fá heilsu inn í allar stefnur (HIAP) eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin[9] mælir sterklega með og er í anda lýðheilsusjónarmiða.

Félag lýðheilsufræðinga skorar því á alþingismenn og alþingiskonur að greiða atkvæði gegn frumvarpinu!

[1] **Embætti landlæknis lýsir yfir andstöðu við bjór, léttvín og sterkt vín í almennum verslunum** http://www.landlaeknir.is/um-embaettid/frettir/frett/item31501/Embatti_landlaknis_lysir_yfir_andstodu_vid_bjor,_lettvin_og_sterkt_vin_i_almennum_verslunum
[2] **Rannsóknarskýrslur um áfengismál – samantekt** http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24904/Ranns%C3%B3knarsk%C3%BDrslur%20um%20%C3%A1fengism%C3%A1l_samantekt.pdf
[3] **European action plan to reduce the harmful use of alcohol 2012–2020** http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0008/178163/E96726.pdf?ua=1
[4] **Global Action Plan for the Prevention and Control of Noncommunicable Diseases 2013-2020** http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/94384/1/9789241506236_eng.pdf?ua=1
[5] **Health 2020 policy framework and strategy** http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0020/170093/RC62wd08-Eng.pdf?ua=1
[6] **Áfengi - engin venjuleg neysluvara** http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf
[7] **Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri** https://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Lydheilsustefna_og_adgerdaaaetlun_30102016.pdf
[8] **Stefna í áfengis- og vímuvörnum til ársins 2020** https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf
[9] **Health in All Policies: Framework for Country Action http://www.who.int/healthpromotion/frameworkforcountryaction/en**